

**Ed.** **919. Breytingartillögur** [229. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 18. gr. 2. efnisgr. orðist svo:  
Ráðherra skipar forstöðumenn til sex ára að fengnum tillögum stjórnar.
2. Við 33. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1988. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 109/1984 og gefa þau út svo breytt.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað síðasta málsl. 3. liðar komi tveir nýir másl. er orðist svo: Áætlun um þessa uppbyggingu skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í upphafi þings haustið 1988. Áætlunin skal miðast við að aðstaða á öðrum rannsóknastofum í landinu verði nýtt eftir því sem frekast er kostur.